

KOLEFNISSPOR 8

Kolefnisspor er mælikvarði á magn gróðurhúsalofttegunda sem losnar út í andrúmsloftið við mannlegar athafnir. Það vísar, með öðrum orðum, til þess magns koltvísýrings sem losað er, beint eða óbeint, vegna daglegra athafna, s.s. samgangna, neyslu, heimilishalds, matarsóunar og annars. Lífsstíll hefur því mikil áhrif á stærð kolefnisspors hvers og eins. Góð leið til að minnka kolefnisspor sitt er að minnka neyslu (t.d. keyra og fljúga minna og kaupa minna).



Munurinn á vistspori og kolefnisspori

Vistspor er annar mælikvarði á þau áhrif sem mannfólkið hefur á jörðina. Kolefnisspor er ólíkt vistspori að því leyti að kolefnisspor mælir eingöngu áhrif lífstíls á magn kolefnis í andrúmslofti á meðan vistsporið tekur til mun fleiri þátta. Vistspor er mælikvarði á hve mikið af gæðum jarðar fólk nýtir við neyslu sína og hve miklum úrgangi eða mengun það skilar frá sér. Því meiri sem neyslan er því stærra er vistsporið.

Horfðu á myndbandið



Skoðaðu niðurstöðurnar þínar

Reiknaðu þitt kolefnisspor

Kolefnisreiknir



Hvaða súla var hæst hjá þér í niðurstöðum kolefnisreiknisins?

Ferðir-Matur-Neysla-Húsnæði

Hvað getur þú gert til þess að lækka súluna?

Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú gerir það?

Heimsmarkmið:

12 AÐVIRG NEYSLA
OG FRAMLEIÐSLA



13 AÐGERÐIR Í
LOFTSLAGSMÁLUM



MINNA EN Í KLST